

Þ-saga

Páskarnir voru að nálgast og _____ var farinn að hlakka til að fá páskaegg. Hún fékk mjög sjaldan nammi, en á páskadag mátti hún borða eins mikið af súkkulaði og hún gat í sig látið.

Snemma á páskadagsmorgun vaknaði hún allt í einu við að það var bankað á gluggann á herberginu hennar. Fyrst sá hún engan. Svo stóð hún upp og opnaði gluggann, og þegar hún leit út, sá hún stóran héra!

Og þetta var ekki neinn venjulegur héri – hann kunni líka að tala! ”Jæja, það var kominn tími til að þú vaknaðir, _____,” sagði hann. ”Morgunstund gefur gull í mund – við þurfum að flýta okkur af stað!”

”Hver ert þú eiginlega?” spurði _____. ”Og hvað meinarðu með Morgunstund gefur gull í mund?”

”Ég er auðvitað páskahérinn. Hefurðu ekki heyrt um mig? Það er ég sem kem með páskaegg handa börnunum,” svaraði hérinn. ”Morgunstund gefur gull í mund er málsháttur og það þýðir að ef maður fer snemma á fætur á morgnana nær maður betur að gera allt sem maður vill koma í verk yfir daginn.”

”En hvers vegna segirðu að við þurfum að flýta okkur af stað?” spurði _____.

”Nú, vissirðu það ekki? Vondi galdrakarlinn er búinn að stela öllum páskaeggjunum! En honum skal ekki verða kápan úr því klæðinu!”

”Ha, hvaða kápa?” spurði _____. ”Varstu ekki að tala um páskaegg?”

”Hvað, þekkirðu enga málshætti, stelpa mín? Ef honum verður ekki kápan úr því klæðinu þýðir það bara að honum tekst ekki það sem hann hafði ætlað sér. Og honum tekst það ekki vegna þess að við förum til hans og fáum hann til að skila páskeggjunum aftur!”

”En er það ekki svolítið langt?” spurði _____ svolítið hikandi.

”Jú, svolítið,” svaraði páskahérinn. ”En hugurinn ber mann hálf leið”.

Síðan lögðu þau af stað. _____ fannst skemmtilegt að tala við páskahérann á leiðinni. Hún hafði aldrei heyrt neinn nota svo marga málshætti. Það var ekki alltaf auðvelt að skilja hvað þeir þýddu, en þá spurði hún bara og hérinn útskýrði það alltaf fyrir henni.

Þegar þau voru búnir að ganga lengi, lengi, heyrðu þau allt í einu hrópað á hjálp. Þau gengu á hljóðið. Þá kom í ljós, að þetta var prinsessa, sem var bundin við háan steinstólpa. Hún var greinilega mjög hrædd. ”Hjálp! mér að losna,” sagði hún óðamála um leið og hún sá _____ og páskahérann, ”áður en drekinn kemur og étur mig!”

”Já, auðvitað viljum við hjálpa þér,” sagði _____ og byrjaði strax að leysa hana.

Á meðan útskýrði hún fyrir þeim hvernig hún hafði lent í þessari klípu. ”Stjúpmóðir mín er vond norn,” sagði hún. ”Þegar ég komst að hennar sanna eðli, lokkaði hún mig hingað og ætlaði að láta drekann éta mig til að hindra að ég segði pabba mínum, kónginum, frá leyndarmáli hennar!”

Um leið og hún var laus úr böndunum flýttu þau sér öll inn í helli, sem var þarna skammt

frá, til að fela sig fyrir drekanum, sem kom fljúgandi skömmu síðar og var greinilega mjög reiður yfir því að finna ekki hádegismatinn sinn!

En um leið og drekinn var farinn aftur, sneri prinsessan sér að _____ og páskahéranum og rétti þeim fallegan flauelspoka. "Þið hafið bjargað lífi mínu," sagði hún. "Til að launa ykkur vil ég gefa ykkur þennan töfrapoka. Upp úr honum má alltaf taka það sem maður þarf mest á að halda."

_____ þakkaði prinsessunni gjöfina, og síðan skildu leiðir. Prinsessan fór heim til sín, en _____ og páskahérinn héldu ferð sinni áfram.

Skömmu síðar komu þau loksins að kastala galdrakarlsins.

Þeir félagarnir gengu að kastalahurðinni og _____ barði að dyrum. Eftir dágóða stund kom galdrakarlinn til dyra. _____ rak upp stór augu þegar hún sá hann, og átti erfitt með að halda niðri í sér hlátrinum. Galdrakarlinn var nefnilega allur útataður í súkkulaði! Hann hafði greinilega stolið páskaeggjunum til að geta borðað þau öll sjálfur!

"Nú, nú!" sagði galdrakarlinn og var greinilega sármóðgaður yfir kátínusvipnum á _____. "Hvað viljið þið eiginlega?"

"Við viljum að þú skilir strax öllum páskaeggjunum sem þú stalst," sagði _____ og var nú orðinn alvarlegur. "Eða að minnsta kosti þeim sem þú

ert ekki búinn að borða!"

"Hí, hí," flissaði galdrakarlinn og sleikti út um. "Ég verð nú að viðurkenna að ég er byrjaður að fá smá magapínu út af öllu þessu súkkulaði! En ég ætla samt ekki að sleppa páskaeggjunum svo auðveldlega. Þið verðið að leysa fyrir mig þraut ef þið viljið fá eggin!"

"Hvaða þraut er það?" spurði _____.

"Þið verðið að láta mig fá 10 hluti sem byrja á P, og það strax!"

_____ og páskahérinn litu íbyggir hvor á annan. Þetta var nú auðveld þraut, fyrst þeir voru með töfrapokann!

[Í hvert sinn sem barnið tekur hlut upp úr pokanum, má hann taka mynd af páskaeggi af spjaldinu með kastala galdrakarlsins. Aftan á myndinni stendur málsháttur, sem er lesinn upp.]

"Æ, æ, æ, hvað mér er illt í maganum," vældi galdrakarlinn allt í einu þegar hann var búinn að skila síðasta egginu. "Ég verð að fara inn að leggja mig!" Og svo var hann horfinn.

Páskahérinn leit á eftir honum og sagði spekingslega: "Kannski hann muni næst að allt er best í hófi."

"Já, og að sá hlær best sem síðast hlær," svaraði _____, því hún hafði lært marga málshætti þennan viðburðaríka dag.

Síðan skelltu þau bæði upp úr og héldu glaðir heim á leið.